

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 490/2016, um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

- a. Ákvæði 2. tölul. 2. gr. verður svohljóðandi:  
Innstæður í innlendum gjaldeyri hjá innlánsstofnunum hér á landi, aðrar en þær sem eru til komnar vegna fjármuna sem:
  - a) eru endurfjárfestanlegir skv. 13. gr. e laga um gjaldeyrismál;
  - b) falla undir 13. gr. l eða 13. gr. m laga um gjaldeyrismál; eða
  - c) bera lægri en 3,00% ársvexti og eru ekki nýttar, beint eða óbeint, til fjárfestinga í skuldabréfum eða víxlum, útgefnum í innlendum gjaldeyri, sem eru rafrænt skráð samkvæmt lögum um eignarskráningu verðbréfa, hlutdeildarskírteinum sjóða sem fjárfesta í skulda-bréfum eða víxlum, útgefnum í innlendum gjaldeyri, sem eru rafrænt skráð samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, eða eiga innstæður í innlendum gjaldeyri hjá innlánsstofnun hér á landi ef samanlagt hlutfall reiðufjár og innlána, sem bera 3,00% ársvexti eða hærri, í eignasamsetningu sjóða er 10% eða hærri, eða í eigin fé fyrirtækis sem ráðstafað er, beint eða óbeint, í framangreindum fjárfestingum.
- b. Á eftir orðunum „til fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóða“ í 5. tölul. kemur: sem fjárfesta í skuldabréfum eða víxlum, útgefnum í innlendum gjaldeyri, sem eru rafrænt skráð samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, eða eiga innstæður í innlendum gjaldeyri hjá innlánsstofnunum hér á landi

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- a. Á eftir orðunum „skv. 1.“ í 1. tölul. kemur: 2.,
- b. Í stað „3.–5. tölul.“ í 3. tölul. kemur: 2.–5. tölul.
- c. Orðin „30.000.000 kr. fram til 1. janúar 2017, án þess að slík ráðstöfun verði háð bindingarskyldu samkvæmt reglum þessum. Frá og með 1. janúar 2017 skal fjárhæðarmark skv. 1. másl. hækka í“ í 2. mgr. falla brott.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglnanna:

- a. Á eftir orðunum „skv. 1.“ í 1. tölul. kemur: 2.,
- b. Í stað „3.–5. tölul.“ í 3. tölul. kemur: 2.–5. tölul.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „eða“ í 1. mgr. kemur: ,
- b. Á eftir orðunum „6. mgr. 13. gr. m laga um gjaldeyrismál“ í 1. mgr. kemur: , eða ráðstafað hefur verið í fjárfestingar skv. 2. gr. reglna þessara

#### 5. gr.

*Samþykki ráðherra.*

Reglur þessar hafa verið samþykktar af fjármála- og efnahagsráðherra og er samþykkið birt sem fylgiskjal með reglunum.

6. gr.  
*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða III laga um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 12. mars 2016.

*Seðlabanki Íslands,*

**Már Guðmundsson**  
seðlabankastjóri.

**Guðmundur Sigbergsson,**  
starfandi frkvstj. gjaldeyriseftirlits.

**Fylgiskjal.**

**Samþykki ráðherra.**

Með vísan til ákvæðis til bráðabirgða III laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 42/2016 hefur fjármála- og efnahagsráðherra samþykkt reglur Seðlabanka Íslands um breytingu á reglum nr. 490/2016 um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 12. mars 2017.*

**Benedikt Jóhannesson**  
fjármála- og efnahagsráðherra.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2017